

# ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2021

ÖRNEFNANEFND

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Sími 525 4432 og 525 4433 – Netfang [ornefnanefnd@hi.is](mailto:ornefnanefnd@hi.is)

[http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_nafn\\_ornefnanefnd](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd)

## Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni nr. 22/2015, sbr. og lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006, með síðari breytingum, lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, með síðari breytingum og lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Örnefnanefnd er þannig skipuð:

*Bergur Þorgeirsson* formaður, án tilnefningar.

- Varamaður: *Birna Kristín Svavarssdóttir*.

*Enar Sveinbjörnsson* varaformaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

*Gunnar H. Kristinsson*, tilnefndur af umhverfi- og auðlindaráðuneyti.

- Varamaður: *Eydís Líndal Finn bogadóttir*.

*Jónína Hafsteinsdóttir*, tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Varamaður: *Birna Lárusdóttir*.

*Pórdís Edda Jóhannesdóttir*, tilnefnd af Íslenskri málnefnd.

- Varamaður: *Sigurður Konráðsson*.

Emily Lethbridge, rannsóknarlektor á nafnfræðisviði Árnastofnunar, Aðalsteinn Hákonarson, verkefnisstjóri á sama stað, og Birna Lárusdóttir starfa með Örnefnanefnd. Emily sat fyrstu two fundi nefndarinnar og Birna þann þriðja. Emily og Birna rituðu fundargerðir ársins.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Laugavegi 13 í Reykjavík.

## Verkefni

Verkefni Örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;
5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6 . gr. laga um örnefni;

6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúrufyrirbæri innan sveitarfélags;
  7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.
- Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

## Heimasíða

<https://arnastofnun.is/is/ornefnanefnd>

<http://ornefnanefnd.is/> (vísar beint á svæði nefndarinnar á heimasíðu Árnastofnunar).

Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má m.a. finna aðgang að lögum um örnefni nr. 22/2015, ársskýrslum Örnefnanefndar frá árinu 1998, meginjónarmiðum nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skrám um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998. Þenn fremur er þar að finna leiðbeiningar nefndarinnar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra og reglugerð um störf Örnefnanefndar.

## Fundir

Haldnir voru fjórir formlegir fundir í Örnefnanefnd árið 2021, þ.e. 15. janúar, 27. apríl, 14. júní og 5. nóvember.

## Umsagnir, álit og úrskurðir

Þrettán formleg erindi bárust Örnefnanefnd á árinu 2022 þar sem óskað var eftir umsögn eða álið nefndarinnar. Þar á meðal voru beiðnir um umsagnir um tillögur að nafni á nýjum þjóðgarði á Vestfjörðum og heiti á nýju hrauni og gígum í mótu við Fagradalsfjall.

Örnefnanefnd bárust nokkrar fyrirspurnir á árinu sem svarað var símleiðis eða með tölvupósti af starfsmönnum nafnfræðisviðs og formanni nefndarinnar.

## Samstarf

Örnefnanefnd og nafnfræðisvið hafa verið í samstarfi við Þjóðskrá Íslands um staðföng og vandamál varðandi skráningar. Nefndin hefur ennig verið í samstarfi við Landmælingar Íslands um ýmis mál.

## *Nafnfræðisvið Árnastofnunar*

Starfsmenn nafnfræðisviðs veita einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjarnöfn.

Reykholti, 7. mars 2023



---

ÖRNEFNANEFD  
Bergur Þorgeirsson, formaður